


Kosið utan kjörfundar

Gerðu grein fyrir þér

Á kjörstað sýnir þú skilríki og færð kjörgögn afhent. Skilríki eru til dæmis vegabréf, nafnskírteini og ökuskírteini.



Svona greiðir þú atkvæði

1

Merktu X í fering fyrir framan þann svarkost sem þú vilt kjósa.



2

Settu kjörseðilinn í kjörseðilsúmslagið (minna úmslagið) og límdu það aftur.



3

Fylltu út fylgibréfið. Síðan er mikilvægt að bæði þú og kjörstjóri skrifi undir.




4

Settu fylgibréfið og kjörseðilsúmslagið í sendiumslagið og límdu það aftur.

Framan á sendiumslagið skrifarðu nafn og heimilisfang þess sveitarfélags þar sem þú ert á kjörskrá.

Aftan á sendiumslagið skrifarðu nafnið þitt og heimilisfang.

Ef þú býrð erlendis skrifarðu síðasta heimilisfang sem þú hafðir á Íslandi.



A

Svona kemur þú atkvæði til skila

Ef þú ert að kjósa hjá sýslumanni í þínu umdæmi þá geturðu sett bréfið í atkvæðakassa á staðnum.

B

Ef þú ert að kjósa hjá sýslumanni utan þíns umdæmis eða erlendis þarftu að koma bréfinu til skila.

Kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að atkvæðið berist sveitarfélaginu þar sem hann er á kjörskrá fyrir lok kjördags.

Kjósandi getur beðið kjörstjóra að setja bréfið í almennan póst, en það tryggir ekki að atkvæðið berist í tæka tíð.



Athugaðu!

Ekki má skrifa á kjörseðilinn eða nota önnur tákn.

Enginn má sjá hvernig þú greiddir atkvæði.

Þú getur fengið nýjan kjörseðil ef þú gerir mistök.

Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar má finna í persónuverndarstefnu landskjörstjórnar. Skannið kóðann til að skoða nánar.

